

Ársskýrsla Öldungadeildar Læknafélags Íslands fyrir starfsárið 2021-2022.

Aðalfundur Öldungadeildar var haldinn þ. 26/5 2021

Ný stjórn var kosin á fundinum:

Óttar Guðmundsson formaður
Helga M. Ögmundsdóttir ritari
Sigurður Guðmundsson gjaldkeri
Friðrik Yngvason meðstjórnandi
Gísli Einarsson meðstjórnandi.

Aðrir embættismenn félagsins eru:

Skoðunarmaður reikninga Þorkell Bjarnason til tveggja ára.
Ritstjóri vefsíðu og ritstjóri Öldungadeildar að síðu í Læknablaðinu er áfram Magnús Jóhannsson. Hann mun láta af þeim starfa um áramótin og Helga M. Ögmundsdóttir tekur við.

Öldungaráð: Kristófer Þorleifsson, Jóhannes M. Gunnarsson, Reynir Þorsteinsson, Margrét Georgsdóttir og Guðmundur Viggósson.

Að afloknum venjulegum aðalfundarstörfum hélt Reynir Tómas Geirsson erindi sem hann kallaði „Hún tók aðeins á móti einu barni“. Fjallaði erindi hans um fátæka stúlku, Kristjönu Guðmundsdóttur, f. 1891, d. 1964, sem lærði til ljósmóður í Reykjavík og örlagasögu hennar.

Nýskipuð stjórn félagsins hittist fljótlega eftir aðalfundinn ásamt fráfarandi stjórn eða öldungaráði og formleg stjórnarskipti fóru fram.

Starfið á árinu:

Kóvíð-faraldurinn setti sitt mark á starfsemi félagsins eins og annað í samfélaginu.

Stjórnin efndi til ferðar á söguslóðir Sturlunga í Skagafirði dagana 27/8 – 29/8 2021 undir fararstjórn þeirra Helgu M. Ögmundsdóttur og Óttars Guðmundssonar. Gist var á Sigló Hótel á Siglufirði tvær nætur. Farið var vítt og breitt um Skagafjörðinn, tekið hús á Magnúsi Péturssyni sem bauð hópnum uppá hressingu og hélt uppi málsvörnum fyrir Kolbein unga Arnórsson frænda sinn. Auk þess var farið í Kakalaskálann á fund höfðingjans Sigurðar Hansen, í Hóladómkirkju og Hegranesgoðinn heimsóttur. Á heimleiðinni var farið að Þingeyrakirkju. Þátttakendur voru um 50 og voru sáttir og ánægðir með ferðina.

Fræðslufundir:

Stjórnin skipulagði hefðbundna fræðslufundi félagsins fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði skv. venju. Þessir fundir voru haldnir:

6/10 2021, **Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur**. Efni: Eldsumbrot í Geldingadölum. Fundargestir voru 73.

3/11 2021 **Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur**. Efni: „Líkamleg mein og andleg“ – spjall um íslenska myndlist og sjúkdóma. Fundargestir voru 55.

15/12 2021 jólafundur. **Jóhanna V. Þórhallsdóttir og Páll Torfi Önundarson** sáu um tónlistaratriði. Fyrirlesari var **Óttar Guðmundsson** læknir. Efni: Rýnt í persónuleika og óhamingju Snorra Sturlusonar. Jólalald í Reykholti 1241. Fundargestir voru 50.

Janúarafundur féll niður vegna kóvíð.

9/2 2022 **Ásdís Halla Bragadóttir** ráðuneytisstjóri. Efni: Saga læknisins Mórítz Halldórssonar. Fundarmenn voru 44.

2/3 2022 **Gísli Einarsson** læknir. Efni: Jörundur hundadagakonungur. Fundarmenn voru 46.

6/4 2022 **Einar Thoroddsen** læknir. Efni: Dante og gleðileikurinn guðdómlegi. Fundarmenn voru 52.

4/5 2022 **Stefán Þórarinsson** læknir. Efni: Bruni og bylting. Bruni sjúkraskýlis og læknisbústaðar á Brekku í Fljótsdal 3. janúar 1944 leiddi til samfélagsbyltingar á Héraði. Fundarmenn voru 60.

Félagið bryddaði upp á þeirri nýbreytni að standa fyrir málþingi á Læknadögum um framtíðarsýn í læknisfræði þ. 24/3 2022.

Fyrirlesarar voru: **Engilbert Sigurðsson, Magnús Gottfreðsson, Erna Magnúsdóttir**. Fundarstjóri var **Sigurður Guðmundsson**.

Starfið á komandi ári:

Stjórn félagsins mun halda áfram að starfa í samræmi við markmið og reglur félagsins. Um næstu Hvítasunnu er fyrirhuguð ferð á slóðir Sturlunga og Íslendingasagna í Borgarfjörðinn. Gist verður tvær nætur í Húsafelli. Leiðsögumenn verða Helga M. Ögmundsdóttir og Óttar Guðmundsson.

Stjórnin er að skipuleggja ferð til Ungverjalands og Austurríkis á slóðir Semmelweiss og Freuds á haustmánuðum. Sú ferð verður nánar auglýst síðar.

Áfram verður haldið með fyrirlestra á miðvikudögum í vetur eins og áður.

Stjórnin ætlar sér stóran hlut á Læknadögum og undirbýr 1-2 málþing um efni sem brenna á eldri læknum.

Ég vil að lokum þakka félögum mínum í stjórninni, Helgu, Sigurði, Gísla og Friðrik fyrir frábært samstarf og við ítreka þakkir til fráfarandi stjórnar sem skilaði okkur ágætu búi.

Óttar Guðmundsson, formaður.

Öldungadeild Læknafélags Íslands

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Gjöld	Tekjur
Félagsgjöld (einn greiðandi)		1,500
Vaxtatekjur/verðbætur		31,442
Veitingar og gjafir	38,953	
Þjónustugjöld/innheimtukostnaður	3,876	
Fjármagnstekjuskattur	<u>6,977</u>	
	49,806	32,942
Skuld færð á efnahagsreikning	<u>16,864</u>	
	32,942	32,942

Efnahagsreikningur 31/12/2021

	31.12.2020	31.12.2021
Verðtryggður 60 Arion (0334-18-640832)	649,051	673,576
Fyrirtækjareikningur Arion (0334-26-050035)	<u>540,923</u>	<u>499,085</u>
Eignir alls	1,189,974	1,172,661
Eigið fé	1,015,957	1,189,974
Mismunur fluttur af rekstrarreikningi	<u>174,017</u>	<u>16,864</u>
Skuldir og eigið fé	1,189,974	1,173,110

Reikningur gerður 24.05.2022/sg

Sigurður Guðmundsson, gjaldkeri